

Skordýrahótel

Allur aldur

Tími ca. 20 mín

Verkfæri: Skæri, penni eða blýantur

Efniviður: Plastflöskur eða dósir, snæri, greinar, könglar, fræ, lauf og annar náttúrulegur efniviður

Af öllum dýrategundum jarðarinnar er áætlað að níu af hverjum tíu þeirra séu skordýr. Sumir geta bitið, stungið eða jafnvel dreift sýklum. En ekki láta það hræða þig: aðeins nokkrar tegundir skordýra valda okkur skaða. Flest skordýr eru góð fyrir jarðvegin og hjálpa grænmeti og öðrum plöntum að vaxa. Skordýrin hreinsa til, þau bæta góðum efnum við plöntur, dreifa fræjum og frjóvga blóm sem stundum gefa af sér dýrindis ávexti og ber. Önnur skordýr berjast við veirur sem herja á plönturnar okkar og halda þeim hreinum. Það er því okkar hlutverk vernda skordýrin og bjóða þau velkomin í garðinn okkar.

Nú ætlið þið að búa til skordýrahótel til þess að hvetja skordýrin til þess að halda til í okkar garði eða okkar svæði.



Skref 1 – fullorðinn þarf mjög líklega að aðstoða við þetta verkefni.

Skerið toppinn og botninn af plastflöskunni með skærum svo að eftir sé „búkurinn“.

Skref 2

Taktu pennann/blýantinn og gerðu gat um flöskuna miðja og á sama stað á móti gatinu.

